

923. fundur stjórnar GSÍ 10.02.2020 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hörður Geirsson, Hansína Þorkelsdóttir, Hulda Bjarnadóttir, Viktor E. Viktorsson, Ólafur Arnarsson, Kristín Guðmundsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir Jón S. Árnason (fjarfundarbúnaður) og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 922. fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Starfsreglur stjórnar GSÍ

Haukur Örn fór yfir starfsreglur stjórnar GSÍ og þær breytingar sem hafa verið gerðar af laganefnd á reglum. Reglurnar voru samþykktar og undirritaðar.

3. Verklýsing starfsnefnda GSÍ

Óskað var eftir ábendingum formanna um verklagsreglur starfsnefnda en berist engar athugasemdir fyrir næsta stjórnarfund verður skjalið tekið fyrir á næsta stjórnarfundum í óbreyttri mynd.

4. Staðfesting forgjafarreglna, WHS - forgjafarkerfið

Tillaga forgjafarnefndar tekin fyrir um hvaða grunnreglur skulu ráða í nýju forgjafarkerfi sem tekið verður upp þann 1. mars næstkomandi á Íslandi. Tillögurnar voru ræddar og samþykktar með þeim fyrirvara að forgjafarnefnd skýri betur rökin fyrir lágmarksfjölda leikinna holna til forgjafar á 18 holu golfhring. Stjórn óskar eftir skriflegu erindi til sín er málið varðar.

5. Samningur við samtök atvinnukylfinga á Íslandi (PGA)

Haukur Örn fór yfir sögu samstarfs GSÍ við PGA á undanförunum árum ásamt því að fara yfir helstu atriði fundar með forsvarsmönnum PGA sem fram fór fyrir skömmu. Lögð var fram tillaga um að samstarfssamningur við PGA sem nú er útrunninn yrði framlengdur á sömu forsendum út þann tíma sem að golfkennaraskólinn starfar á núverandi tímabili og var tillagan samþykkt af stjórn GSÍ. Rætt var um að nota árið 2020 í að ræða framtíðar samstarf milli GSÍ og PGA.

6. Eftirfylgni Golfþings

Farið var yfir þau atriði sem uppfæra þarf á heimasíðu, lögum og önnur atriði sem hrinda þarf í framkvæmd að loknu Golfþingi 2019 og þannig séð til þess að allt í starfsemi GSÍ verði uppfært í takt við niðurstöðu Golfþings.

7. Önnur mál.

- Staða á ráðningu móta- og kynningarstjóra GSÍ
- Samstarfsaðilar
- Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ rædd og borin saman við áætlanir afreksviðs

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.19:40